

L Ö G

34

13. júní

um heimild fyrir ríkisstjórnina til síldveiða með botnvörpu á fjörðum inni.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru.

1. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni, að fengnum tillögum síldarútvegsnefndar, að fela síldarútvegsnefnd að láta gera tilraunir til síldveiði í fjörðum og flóum landsins, með þar til gerðri botnvörpu, og greiðist kostnaður við tilraunir þessar úr ríkissjóði, að svo miklu leyti sem fé er eigi fyrir hendi í sjóði síldarútvegsnefndar.

2. gr.

Sýni það sig við rannsókn, að síldveiði á fjörðum, með veiðarfæri því sem um getur í 1. gr., reynist arðvænleg, getur ríkisstjórnin veitt veiðileyfi síldarverksmiðju-eigendum, félögum og einstaklingum þeim, sem hún álitur, að hafi bezt skilyrði til að hagnýta veiðina. Skal um fjölda veiðileyfa á einum og sama firði leitað umsagnar síldarútvegsnefndar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 13. júní 1937.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

L Ö G

35

13. júní

um breyting á lögum nr. 14 9. janúar 1935, um síldarverksmiðjur ríkisins.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru.

1. gr.

1. málsg. 4. gr. laga nr. 14 9. janúar 1935 orðist þannig:

Stjórn síldarverksmiðja ríkisins skal skipuð þrem mönnum, sem atvinnumála-ráðherra tilnefnir til þriggja ára í senn, í fyrsta sinn þó aðeins til ársloka 1937. Á